

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Fjarðabyggð.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi miðbæjar Neskaupstaðar.

Gerð er breyting á deiliskipulagi miðbæjar Neskaupstaðar á þá leið að lóðin Þórhólsgrata 1a er stækkuð lítillega til norðurs til samræmis við aðliggjandi lóð, aðkomu og landslag. Deiliskipulagsbreyting þessi, sem fengið hefur meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, var samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar 4. september 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Óveruleg breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðis á Stöðvarfirði.

Gerð er sú breyting á deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Stöðvarfirði að lóðir við Bankastræti nr. 1 og 5 eru sameinaðar. Engar aðrar breytingar verða á lóðum, byggingarreitum, kvöðum eða skilmálum. Breytingin hefur engin áhrif á umhverfið. Málsmeðferð er í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagsbreyting þessi, sem grenndarkynnt hefur verið í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, var samþykkt af bæjarstjórn 4. september 2025.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 kveða á um og öðlast þegar gildi.

Fjarðabyggð, 22. september 2025.

Aron Leví Beck skipulagsfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 6. október 2025